

Ed.

163. Frumvarp til laga

[128. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað „1983“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1984.

2. gr.

Í stað „1983“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 komi: 1984.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innheimta verðjöfnunargjalds af raforku verði framlengd til ársloka 1984. Upphæð gjaldsins verður áfram 19% og verður því skipt á sama hátt og verið hefur milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Með lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku, þ. e. að greiða skyldi verðjöfnunargjaldið í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta og lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og hamla gegn óhóflegri hækkun gjaldskrár. Við stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið, að hluti gjaldsins skyldi renna til þess. Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti, og að raforkusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti.

Lög þessi voru sett til eins árs í senn en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Samkvæmt samningi milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, yfirtók Landsvirkjun 132 kV stofnlínukerfi landsins, svokallaðar byggðalínur, 1. janúar 1983. Samkvæmt samningnum selur Landsvirkjun raforku á sama verði á afhendingarstöðum stofnlínukerfisins. Með gerð þessa samnings hefur því verið stigið mikilvægt skref til að tryggja jöfnun á raforkukostnaði. Þannig hefur Orkubú Vestfjarða keypt raforkuna beint frá Landsvirkjun frá 1. janúar 1983 á heildsöluverði því, sem gildir nú um land allt. Mun þetta léttu rekstur Orkubúsins, en fjárhagsstaða fyrirtækisins er enn afar erfið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að iðnaðarráðherra sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald, sem innheimt er hjá rafveitunni á árinu 1984.

Rafveita Siglufjarðar hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum undanfarin ár. Stafar þetta einkum af því, að ákvarðanir um virkjun Fljótaár hafa ekki reynst eins hagstæðar og vænst hafði verið, svo og ýmsum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins.

Á síðasta ári var gerð athugun á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kom í ljós að hún var mjög slæm. Lánstími á lánum þeim, sem tekin höfðu verið, var m. a. of stuttur og lánskjör óhagstæð. Veitunni var útvegað lánsfé til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Á vegum ráðuneytisins hefur að undanförnu verið unnið að úttekt á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins og fleiri orkufyrirtækja. Þá er unnið að athugun á verðlagningu raforku almennt. Ljóst er að taka þarf þau mál til gagngerrar endurskoðunar, en þar sem ekki mun vinnast tími til að koma slíkum breytingum í framkvæmd á skömmum tíma þykir rétt að framlengja núgildandi lög um verðjöfnunargjald af raforku óbreytt til ársloka 1984.

Um forsögu verðjöfnunargjaldsins og um frekari umfjöllun um það vísast að öðru leyti til greinargerðar með frumvarpi sama efnis, sem lagt var fyrir 105. löggjafarþingið 1982, þingskjal 66.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til, að heimild til að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku verði framlengd um eitt ár.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til, að verðjöfnunargjald af raforku verði 19%, og af því renni 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða, og að innheimta þess verði framlengd til ársloka 1984.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.